

Hafnarfjörður, 10.05.2023

**Málefni: Umsögn Hafrannsóknastofnunar til Atvinnuveganefnd Alþingis um frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu), 976. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis dagsett 28. apríl 2023 um beiðni um umsögn Hafrannsóknastofnunar um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu), hafi stofnunin athugasemdir við breytingarnar.

Hafrannsóknastofnun gerir athugasemd við eftirfarandi breytingatillögu: „2. gr. 2. másl. 2. mgr. 21. gr. laganna fellur brott“. Stofnunin leggur áherslu á að áfram verði grásleppubátum gert skylt „að tilgreina fjölda hrognkelsaneta og teinalengd nets“ svo hægt verði að meta sóknina og þar með talið ákvarða afla á sóknareiningu með sambærilegum hætti og áður fyrr. Slíkar upplýsingar eru mikilvægar í að meta stofnstærðabreytingar en einnig áhrif þessara breytinga á veiðistjórnuninni t.d. með tilliti til meðafla við veiðarnar.

Þessu tengt, hlutdeildarsetning á grásleppuveiðiheimildum sem frumvarpið boðar mun vissulega skapa meira svigrúm fyrir stjórnvöld til að setja inn t.d. svæðalokanir fyrir ákveðin svæði til að draga úr meðafla, líkt og segir í greinargerð um frumvarpið. Það er vel. Það þarf hinsvegar að tryggja að hægt sé að gera samanburð við fyrri ár á þessum þáttum og þá er mikilvægt að allar skráningar séu gerðar eins og áður.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,



Guðmundur J. Óskarsson, sviðsstjóri uppsjávarsviðs